

Gallon ehf.  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

14. janúar 2026  
UOS2501410/S.H.J.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 30. október 2025 – ID 132

Þann 30. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Gallon ehf. á Eskifirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Olía fannst í brunnum við olíuskiljur og virkni skiljanna því ekki fullnægjandi. Bráðabrigðaúrbætur hafa verið gerðar sem miða að því að tryggja virkni olíuskilja, en viðvarandi landsig er á svæðinu. Vel er fylgst með framvindu mála og brugðist er við ef vart verður við truflanir á virkni olíuskilja. Fráviki er haldið opnu þar til framtíðarlausn finnst.
2. Viðauka I í rg. 884/2017. Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017. Geymar voru ekki rétt merktir. Geymar og lagnir hafa verið merktar með fullnægjandi hætti. **Fráviki er lokað.**

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Uppfæra þarf áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið fyrirtækisins.

### Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum. Á olíubirgðastöðinni eru olíugeymar sem hafa verið varanlega teknir úr notkun fyrir meira en 6 mánuðum síðan, þar sem sem þeir stóðust ekki botnþykktarmælingu.
2. Gr. 3.9 í starfsleyfi. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Hættumerkt þvottaefni eru geymd við ófullnægandi aðstæður. Öryggisblöð eru ekki aðgengileg á geymslustað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

*Stella Hrönn Jóhannsdóttir*

Teymi eftirlits

*Kristín Kröyer*

Teymi eftirlits